



Skatta bæklingur 2022

Upplýsingar um skattamál
einstaklinga og rekstraraðila
2021/2022

kpmglaw.is

01 Atvinnurekstur

1	Opinber gjöld 2022 vegna ársins 2021	5
1.1	Tekjuskattur	5
1.2	Aðrir skattar	5
1.3	Fyrirframgreiðsla	5
1.4	Tryggingagjald	5
2	Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði	6
2.1	Greiðslur í starfsendurhæfingarsjóð VIRK	6
3	Fyrningar og niðurfærsla eigna	6
3.1	Lausafé	6
3.2	Aðrar fyrnanlegar eignir	6
4	Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	7
4.1	Söluhagnaður eigna sem heimilt er að fyrna	7
4.2	Söluhagnaður eigna sem ekki er heimilt að fyrna	8
5	Hagnaður af sölu hlutabréfa	8
5.1	Skattlagning arðstekna	9
6	Gengishagnaður og gengistap	9
7	Yfirfærsla einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag	9
8	Reiknað endurgjald	10
9	Frádrættir og endurgreiðslur	11
9.1	Nýsköpunarfyrirtæki	11
9.2	Erlendir sérfræðingar	11
9.3	Hljóðritun á tónlist	11
9.4	Kvikmyndagerð	11
10	Milliverðlagning	12
10.1	Skjölun	12
10.2	Ríki-fyrir-ríki skýrslur	13
11	Takmörkun á frádrætti vaxtagjalda	13
12	Skattlagning vegna erlends eignarhalds á lágs kattasvæðum	13
13	Virðisaukaskattur	14
13.1	Skattskyldusvið	14
13.2	Skatthlutfall	14
13.3	Skattskyld velta	15
13.4	Undanþegin velta	15
13.5	Innskattur	16
13.6	Skráning virðisaukaskattsskyldra aðila	16
13.7	Fyrirfram skráning	17
13.8	Lok starfsemi	17
13.9	Brottfelling af virðisaukaskattsskrá	17
13.10	Skil á virðisaukaskatti	17
13.11	Byggingarstarfsemi á eigin kostnað – sérstök skráning	18

13.12	Byggingarstarfsemi á kostnað annarra	18
13.13	Sala og útleiga fasteigna	18
13.14	Leiðréttingarskylda vegna varanlegra rekstrarfjármuna	19
13.15	Virðisaukaskattsbifreiðar	19
13.16	Vistvæn farartæki	19
13.17	Endurgreiðslur	20
13.18	Samskráning	20
14	Veiðigjöld	20
15	Ýmsar upplýsingar um skattskil rekstraraðila	21
16	Skil staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts	22
16.1	Arður	22
16.2	Vextir	22

02 Einstaklingar

17	Opinber gjöld 2022 vegna ársins 2021	23
18	Staðgreiðsla opinberra gjalda 2022	23
19	Persónuafsláttur	23
20	Frádráttur frá tekjum vegna framlaga einstaklinga í lífeyrissjóði	24
21	Skattfrádráttur vegna hlutafjárkaupa	24
22	Hlunnindamat í staðgreiðslu 2022	24
22.1	Bifreiðahlunnindi	25
22.2	Fatnaður	26
22.3	Fæði	26
22.4	Íbúðarhúsnaði	26
22.5	Lán	27
22.6	Samgöngugreiðslur	27
22.7	Heilsurækt	27
23	Dagpeningar	28
23.1	Almennir dagpeningar erlendis á sólarhring	28
23.2	Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa erlendis á sólarhring	28
23.3	Almennir dagpeningar innanlands	28
24	Ökutækjastyrkur	29
25	Fjármagnstekjuskattur	29
26	Leigutekjur	30
27	Söluhagnaður hlutabréfa	30
28	Söluhagnaður íbúðarhúsnaðis	31

29	Söluhagnaður frístundahúsnæðis	32
30	Vaxtabætur 2022	32
30.1	Fyrirframgreiðsla vaxtabóta	33
31	Barnabætur 2022	33
32	Heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni og aðrar ívilnanir	34
33	Erfðafjárskattur	34
34	Tekjuskattur dánarbúa og þrotabúa	35
35	Yfirlit um útsvar	35

03 Aðrar upplýsingar

36	Erlendar tekjur	36
36.1	Launatekjur erlendis	36
36.2	Vaxtatekjur erlendis	36
36.3	Arður erlendis	36
36.4	Aðrar tekjur erlendis	36
37	Aðferðir til að komast hjá tvísköttun	37
38	Tvísköttunarsamningar	37
39	Þinglýsingar- og skráningargjöld	39
40	Stimpilgjöld	39
41	Opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands	40
42	Gengi skráðra hlutabréfa	40
43	Vísitölur	41
43.1	Yfirlit um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar	41
43.2	Ársmeðaltal vísitölu neysluverðs	41
44	Verðbreytingarstuðull	41
45	Helstu skiladagar gagna og framtala	42
46	Algeng félagaform	42
46.1	Hlutafélög	42
46.2	Einkahlutafélög	42
46.3	Samlagsfélög	43
46.4	Sameignarfélög	43
47	Upplýsingar um erlend skattyfirvöld	43
48	Kennitölur	44
48.1	Nokkrar kennitölur hlutabréfa á verðbréfamarkaði	44
48.2	Nokkrar kennitölur úr ársreikningum	44

01 Atvinnurekstur

1 Opinber gjöld 2022 vegna ársins 2021

1.1 Tekjuskattur

Hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög, og samvinnufélög.....	20%
Sameignar- og samlagsfélög sem eru sjálfstæðir skattaðilar, dánarbú, þrotabú og aðrir ótaldir lögaðilar	37,6%
- nema af arði af hlutabréfum	22%
Óskattskyldir lögaðilar af tilteknum fjármagnstekjum..	22%

1.2 Aðrir skattar

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki ¹	0,145%
Fjársýsluskattur (vátryggingafélög og fjármálastofnanir) ²	5,5%
Sérstakur fjársýsluskattur ³	6%
Jöfnunargjald (af heildarveltu í fjarskiptastarfsemi)	0,1%
Gistináttaskattur (fyrir hverja selda gistináttaeiningu) ⁴ .	0 kr.
Sérstakt gjald til Ríkisútvarpsins ohf.	18.800 kr.

1.3 Fyrirframgreiðsla

Lögaðilar skulu í hverjum mánuði fram að álagningarmánuði, nema í janúar, greiða fyrirfram upp í væntanlega álagningu tekju-skatts og jöfnunargjalds fjárhæð sem nemur 8,5% af álögðum þessum gjöldum á næstliðnu ári. Gjaldldagi er 1. dagur mánaðar en eindagi 30 dögum síðar. Unnt er að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu til ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri skal að jafnaði ekki taka umsókn til greina nema skattstofnar hafi lækkað um meira en 25% milli ára. Umsókn um lækkun fyrirframgreiðslu ber að skila fyrir 31. maí.

1.4 Tryggingagjald

Við álagningu árið 2022 vegna tekjuársins 2021 og í staðgreiðslu árið 2022 er tryggingagjald að viðbættu markaðsgjaldi og gjaldi í ábyrgðarsjóð launa eftirfarandi:

	2022	2021
Almennt gjald	6,35%	6,10%
Gjaldflokkur sjómanna (á fiskiskipum)	7,00%	6,75%
Handhafar erlends A1 vottorðs.....	0,425%	0,425%

1. Stofn til sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki er heildarskuldur, umfram 50 milljarða kr. í lok tekjuárs. Heimilt er að draga frá skattstofni fjárhæð, sem jafngildir innlánskuldbindingum skattskylds aðila sem eru komnar til vegna bindingar reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris. Þessi skattur er einnig lagður á banka í slítameðferð.
2. Allar tegundir launa og þóknana mynda stofn til fjársýsluskatts.
3. Viðbótar tekjuskattur á tekjuskattstofn umfram 1 milljarð króna hjá aðilum sem greiða fjársýsluskatt. Við álagningu sérstaks fjársýsluskatts skal ekki tekið tillit til samsköttunar og yfirfæranslegs taps
4. Vegna heimsfaraldurs kórónuveiru er gistináttaskattur felldur niður tímabundið á tímabilinu 1. apríl 2020 til og með 31. desember 2023 vegna þeirrar gistiþjónustu sem er veitt og nýtt innan framangreinds tímabils.

Tryggingagjaldsstofn einstaklings með sjálfstæða starfsemi skal aldrei vera lægri en 748.224 kr. miðað við heilt ár. Laun, reiknað endurgjald, framlag launagreiðanda í lífeyrissjóð, ökutækjastyrkur og dagpeningar umfram skattmat skattfirvalda mynda stofn til tryggingagjalds.

2 Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði

Lágmarksiðgjald í lífeyrissjóði er 12% af launum og reiknuðu endurgjaldi. Framlag launþega skal almennt vera 4% og mótframlag atvinnurekenda a.m.k. 8%⁵. Greiði launþegi í séreignasjóð er framlag hans allt að 4% en mótframlag atvinnurekenda almennt 2%⁶.

2.1 Greiðslur í starfsendurhæfingarsjóð VIRK

Launagreiðendur skulu greiða 0,10% af heildarlaunum allra starfsmanna sinna til VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs.

3 Fyrningar og niðurfærsla eigna

3.1 Lausafé

Skip, skipsbúnaður og fólksbifreiðar	10 - 20%
Löftför og fylgihlutir	10 - 20%
Verksmiðjuvélar, iðnaðarvélar og tæki	10 - 30%
Skrifstofuáhöld og -tæki	20 - 35%
Aðrar vélar, tæki og bifreiðar	20 - 35%

3.2 Aðrar fyrnanlegar eignir

Íbúðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði	1 - 3%
Verksmiðju- og verkstæðishúsnæði, vörugeymslur o.fl.	3 - 6%
Bryggjur og gróðurhús	6 - 8%
Borholur, raflínur og vinnubúðir	7,5 - 10%
Keyptur eignarréttur að hugverkum og auðkennum, s.s. höfundarréttur, útgáfuréttur, réttur til hagnýtingar upplýsinga, einkaleyfis og vörumerkis ...	15 - 20%
Keypt viðskiptavild	10 - 20%

Fyrningargrunnur lausafjár er stofnverð þess að fráðregnum áður fengnum fyrningum (stiglækkandi fyrning) en fyrningargrunnur annarra fyrnanlegra eigna er stofnverð þeirra (línuleg fyrning).

- Sumir kjarasamningar kveða á um herra mótframlag frá launagreiðanda. Samkvæmt samkomulagi aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands og fleiri við samtök atvinnulífsins hækkandi mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð í 11,5% af launum frá og með júlí 2018.
- Framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda skal telja til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni fara fram úr 12% af iðgjaldastofni auk 2.000.000 kr. á ári.

Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs þegar þær eru fyrst nýttar við öflun tekna. Lausafé og mannvirki má ekki fyrna meira en svo að ávallt standi eftir 10% af stofnverði eignar. Fyrning er óheimil á söluári eignar.

Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæðna er undir 250.000 kr. er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári þegar þeirra er aflað.

Eftirtalдар eignir má færa niður að fullu á því ári sem þær myndast eða gjaldfæra með jöfnum fjárhæðum á fimm árum:

- Stofnkostnað, svo sem kostnað vegna skráningar fyrirtækis og öflunar atvinnurekstrarleyfa.
- Kostnað við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir, öflun einkaleyfis og vörumerkja.

Stofnkostnað við kaup á réttindum sem ekki rýrna vegna notkunar er ekki heimilt að fyrna. Má þar m.a. nefna keyptan rétt til nýtingar á náttúruauðæfum, kaup á varanlegri aflahlutdeild og sambærilegum réttindum.

4 Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna

4.1 Söluhagnaður eigna sem heimilt er að fyrna

Hagnaður af sölu þeirra telst vera mismunur á söluverði annars vegar og stofnverði þeirra að frádregnum áður fengnum fyrningum hins vegar. Söluverð eigna er heildarandvirði þeirra að frádregnum beinum kostnaði við söluna. Stofnverð eigna telst kaup- eða framleiðsluverð þeirra ásamt kostnaði sem á eignirnar fellur en að frádregnum afsláttum, skaðabótum og eftirgjöfum skulda. Á móti skattskyldum hagnaði vegna sölu þessara eigna er heimilt að fyrna aðrar fyrnanlegar eignir um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda hagnaði. Eigi skattaðili ekki eignir, sem hann getur fyrnt á þennan hátt getur hann frestað skattlagningu á söluhagnaði um tvenn áramót, enda afli hann sér eigna sem hann getur fyrnt innan þess tíma. Ef eigna er ekki aflað innan tilskilins tíma tekjufærast söluhagnaðurinn á öðru ári frá því hann myndaðist að viðbættu 10% álagi. Fyrning eða frestun söluhagnaðar kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

4.2 Söluhagnaður eigna sem ekki er heimilt að fyrna

Hagnaður af sölu eigna sem ekki er heimilt að fyrna (þar með talin ófyrnanleg mannvirki, lönd, lóðir, náttúruauðæfi og réttindi tengd þessum eignum) telst til skattskyldra tekna á söluári. Hagnaður telst mismunur á söluverði og a) stofnverði framreiknuðu til ársloka 2001, ef eignin var keypt fyrir árið 2001 eða b) fasteignamati í árslok 1979 enda hafi eignin verið í eigu skattaðila í árslok 1978, framreiknað til ársins 2001. Sérreglur gilda um söluhagnað af bújörðum.

Hagnaður af sölu aflahlutdeildar er skattskyldur á söluári. Hagnaður telst mismunur á söluverði og kaupverði. Á því ári sem skattskyldur hagnaður af sölu aflahlutdeildar færast til tekna er skattaðila heimilt að færa niður stofnverð aflahlutdeildar sem keypt hefur verið á tekjuárinu eða á síðustu tólf mánuðum áður en salan fór fram um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Heimilt er að fresta skattlagningu söluhagnaðar yfir tvenn áramót enda hafi rekstrartöp verið jöfnuð. Ef aflahlutdeild er ekki keypt innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því hann myndaðist, að viðbættu 10% álagi.

5 Hagnaður af sölu hlutabréfa

Hagnaður af sölu hlutabréfa telst til skattskyldra tekna á söluári óháð eignarhaldstíma.

Hagnaður af sölu kemur þó ekki til skattlagningar hjá félögum í tilteknum félagaformum, þar sem þeim er heimilt að færa til frádráttar tekjum sömu fjárhæð og hagnaðinum nemur.

Hagnaður af sölu hlutabréfa ákvarðast sem mismunur á söluverði og kaupverði. Til söluverðs telst heildarandvirði að frádregnum beinum sölukostnaði. Kaupverð hvers hlutar telst jafnt meðal-kaupverði allra hluta sömu tegundar á hendi sama eiganda. Í hendi rekstraraðila miðast kaupverð bréfa keyptra árið 2000 eða fyrr við upphaflegt kaupverð framreiknað með verðbreytingastuðli til ársloka 2001. Hafi seljandi eignast hlutabréfin fyrir árið 1996 getur hann valið að miða við jöfnunarverðmæti þeirra í árslok 1996 í stað upphaflegs kaupverðs. Kaupverð hlutabréfa, sem seljandi hefur eignast við skattalegan samruna félaga, ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa er hann lét af hendi við samrunann. Kaupverð hlutabréfa, sem fengist hefur í skiptum fyrir stofnbréf í sparisjóði við formbreytingu sjóðsins, ákvarðast sem stofnfé sjóðsins endurmetið til ársloka 1996, framreiknuðu með verðbreytingastuðli milli áranna 1996 og 2001, að viðbættu stofnfé innborguðu eftir árið 1996.

5.1 Skattlagning arðstekna

Arðstekjur eru skattskyldar á því ári þegar ákvörðun er tekin um arðsúthlutun. Þó er íslenskum hlutafélögum, einkahlutafélögum, samlagshlutafélögum sem hafa sjálfstæða skattaðild, gagnkvæmum váttryggingar- og ábyrgðarfélögum, kaupfélögum, öðrum samvinnufélögum og samvinnufélagssamböndum svo og félögum í sambærilegum félagaformum sem heimilisföst eru í ríki EES⁷, EFTA⁸ eða Færeyjum heimilt að færa sem frádrátt þá fjárhæð sem þau hafa fengið greidda í arð. Frádrátturinn nær til arðs frá íslenskum félögum og jafnframt frá erlendum félögum ef það félag sem arðinn fær sýnir fram á að félagið sem greiddi arðinn hafi verið skattlagt með sambærilegum hætti og gert er á Íslandi og eigi með lægra skatthlutfalli en sem nemur almennu skatthlutfalli í einhverju aðildarríki OECD⁹, EES, EFTA eða í Færeyjum.

6 Gengishagnaður og gengistap

Gengishagnaður af hvers konar eignum og skuldum í erlendum verðmæli telst til skattskyldra tekna. Að sama skapi telst til gjalda gengistap af hvers konar eignum og skuldum í erlendum verðmæli. Í skattskilum ber að færa gengishagnað eða gengistap hvers rekstrarárs til tekna eða gjalda, með jöfnum fjárhæðum á þremur árum, viðkomandi ári og næstu tveimur þar á eftir.

7 Yfirlýsing einstaklingsrekstrar í einkahlutafélag

Stofni einstaklingur einkahlutafélag, sem tekur við öllum eignum og skuldum einstaklingsrekstrar, hefur yfirlýsningu ekki í för með sér skattskyldar tekjur séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- Einkahlutafélag hefur með höndum sams konar rekstur/starfsemi og einstaklingurinn hafði með höndum.
- Eigandi rekstrar ber ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi.
- Félagið er skráð hér á landi og ber ótakmarkaða skattskyldu.
- Eigandinn fær einungis hluti í félaginu sem gagngjald fyrir eignir og skuldir rekstrarins.
- Stofnefnahagsreikningur skal miðast við 31. desember og verður hann að fylgja með stofngögnnum félagsins. Reikningurinn má ekki vera eldri en fjögurra mánaða við stofnun félagsins og skal vera endurskoðaður af endurskoðanda.

7. EES er skammstöfun á Evrópska efnahagssvæðinu.

8. EFTA stendur fyrir Fríverslunarsamtök Evrópu.

9. OECD stendur fyrir Efnahags- og framfarastofnun Evrópu.

8 Reiknað endurgjald

Viðmiðunarfjárhæðir reiknaðs endurgjalds árið 2022:

- Sérfræðipjónusta, frá 878.000 kr. til 1.755.000 kr. í mánaðarlaun, eftir umfangi og eðli rekstrar.
- Almenn starfsemi, iðnaður, verslun, útgerð og þjónusta, frá 498.000 kr. til 1.475.000 kr. í mánaðarlaun, eftir umfangi rekstrar.
- Fjölmíðlun, listamenn, skemmtikraftar, útgefendur, sérhæfð sölustarfsemi eða þjónusta o.fl., frá 519.000 kr. til 1.425.000 kr. í mánaðarlaun, eftir umfangi rekstrar.
- Iðnaðarmenn o.fl., frá 431.000 kr. til 710.000 kr. í mánaðarlaun, eftir umfangi rekstrar.
- Ýmis starfsemi einyrkja, ófaglærðra og vélstjórnenda, hreingerningarmenn, dagforeldrar, umönnunarstörf sem ekki krefjast háskólamenntunar frá 345.000 kr. til 649.000 kr. í mánaðarlaun, eftir eðli og umfangi rekstrar.
- Sjómennska, frá 595.000 kr. til 890.000 kr. í mánaðarlaun, eftir eðli starfs.
- Landbúnaður, frá 194.000 kr. til 548.000 kr. í mánaðarlaun, eftir búgreinum.
- Makar, frá 297.000 kr. til 893.000 kr. í mánaðarlaun, eftir eðli starfs.
- Börn, frá 179.000 kr. til 208.000 kr. í mánaðarlaun, eftir aldri.

Í framangreindum flokkum eru allt að átta undirflokkar. Fjárhæð reiknaðs endurgjalds fer einkum eftir stöðu manns í atvinnurekstrinum, vinnuframlagi hans og fjölda greiddra ársverka. Nemi reiknað endurgjald ársins 2022 innan við 450.000 kr. fellur það utan staðgreiðslu.

Reiknað endurgjald er miðað við almenn mánaðarlaun án hlunninda og er þannig lágmarksfjárhæð. Ef greidd eru einhvers konar hlunnindi til viðbótar, t.d. bifreiðahlunnindi þá skulu þau metin samkvæmt viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra og bætast við fjárhæðir reiknaðs endurgjalds.

9 Frádrættir og endurgreiðslur

9.1 Nýsköpunarfyrirtæki

Nýsköpunarfyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- eða þróunarverkefnum og hlotið hefur staðfestingu Rannís á rétt á sérstökum frádrætti frá álögðum tekjuskatti 2022 sem nemur 35% af útlögðum kostnaði í tilviki lítilla og meðalstórra fyrirtækja, en 25% í tilviki stórra fyrirtækja, enda sé um að ræða frádráttar-bæran rekstrarkostnað¹⁰. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti hjá hverju fyrirtæki er 1.100 m.kr. á rekstrarárinu 2021, en þar af má telja til þeirra fjárhæðar allt að 200 m.kr. vegna aðkeyptrar rannsóknar- og þróunarvinnu. Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður skattafrádráttur er mismunurinn greiddur út.

9.2 Erlendir sérfræðingar

Erlendir sérfræðingar sem ráðnir eru til starfa hér á landi vegna sérþekkingar sinnar og reynslu verða einungis skattskyldir af 75% tekna sinna en 25% þeirra verða skattfrjálsar og undanþegnar staðgreiðslu fyrstu þrjú árin í starfi að uppfylltum frekari skilyrðum.

9.3 Hljóðritun á tónlist

Heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði 25% af endurgreiðslu-hæfum kostnaði sem fellur til við hljóðritun tónlistar á Íslandi og eftir atvikum í öðru aðildarríki á evrópska efnahagssvæðinu.

Til að útgefandi geti hlotið endurgreiðslu vegna hljóðrita sem gefin hafa verið út og gerð aðgengileg almenningi skulu ýmis skilyrði vera uppfyllt, s.s. að samanlagður spilunartími tónlistar á þeim hljóðritum sem sótt er um endurgreiðslu vegna nái 14 mínútum.

9.4 Kvikmyndagerð

Heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði 25% af framleiðslukostnaði sem fellur til við framleiðslu kvikmynda og sjónvarps-efnis á Íslandi og eftir atvikum í öðru aðildarríki á evrópska efnahagssvæðinu.

Skilyrði endurgreiðslu er að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að koma íslenskri menningu á framfæri, kynna sögu lands eða náttúru eða að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að stuðla að aukinni reynslu, þekkingu og listrænum metnaði þeirra sem að framleiðslunni standa.

10. Fyrirtæki sem eiga í fjárhagsvanda falla utan gildissviðs laga nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

10 Milliverðlagning (Transfer pricing)

Viðskipti milli tengdra lögaðila, viðskipti lögaðila við erlendar fastar starfsstöðvar sínar og viðskipti lögaðila við lögaðila í lágs kattaríki eru háð milliverðlagsreglum. Ef verð í slíkum viðskiptum er ekki sambærilegt því sem almennt gerist í viðskiptum ótengdra aðila skal viðskiptaverðið leiðrétt í skattskilum, eftir atvikum til hækkunar eða lækkunar. Leiðréttning verðs skal byggð á armlengdarsjónarmiðum, sbr. leiðréttningarreglur OECD.

Helstu aðferðir verðleiðréttingar eru:

- a) Samanburðaraðferðin (e. comparable uncontrolled price method - CUP).
- b) Kostnaðarálagningaraðferðin (e. cost plus method - CPM).
- c) Endursöluaðferðin (e. resale price method - RPM).
- d) Hagnaðarskiptingaraðferðin (e. profit split method - PSM).
- e) Nettóálagningaraðferðin (e. transactional net margin method - TNMM).

10.1 Skjölun

Ef rekstartekjur eða heildareignir lögaðila eru yfir 1 milljarði kr. á reikningsári, er hann skyldugur til að skrá upplýsingar um eðli og umfang viðskipta við tengda lögaðila og/eða útibú, eðli tengsla og grundvöll ákvörðunar milliverðs. Honum ber að varðveita sérstaklega gögn um slík viðskipti, upplýsingar um viðskiptaskilmála, veltu, eignir og annað sem þýðingu kann að hafa við milliverðlagninguna og sýna fram á verð og skilmála í sambærilegum viðskiptum milli ótengdra aðila eða hvernig verðlagningu er háttað með tilliti til leiðbeiningarreglna OECD um milliverðlagningu.

Varðveita skal gögn og upplýsingar í sjö ár frá lokum reikningsárs og þarf lögaðilinn að staðfesta skyldu sína um skjölun við skil á skattframtali sem og að fullnægjandi skjölun hafi átt sér stað. Lögaðili ber að veita skattfyrirvöldum aðgang að skjölunarskyldum gögnum eigi síðar en 45 dögum eftir að slík beiðni berst.

Ríkisskattstjóra er heimilt að leggja stjórnvaldssektir á lögaðila sem vanrækir að skjala viðskipti við tengda aðila. Sekt sem lögð er á lögaðila getur numið allt að 3 millj. kr. fyrir hvert reikningsár.

Skjölunarskylda gildir ekki um viðskipti milli tengdra lögaðila sem eru heimilisfastir hér á landi.

10.2 Ríki-fyrir-ríki skýrslur

Móðurfélagi, sem skráð er hérlandis og á félag/félög erlendis og myndar þannig alþjóðlega fyrirtækjasamstæðu, er skylt að skila til ríkisskattstjóra svokallaðri ríki-fyrir-ríki skýrslu. Skýrslan á að innihalda upplýsingar um dreifingu tekna og greidda skatta hinnar alþjóðlegu fyrirtækjasamstæðu ásamt upplýsingum um hvernig efnahagsleg starfsemi samstæðunnar dreifist.

Ríki-fyrir-ríki skýrslu ber einungis að skila ef tekjur heildarsamstæðunnar voru hærri en 750 milljónir evra á síðasta reikningsári.

11 Takmörkun á frádrætti vaxtagjalda

Frádráttur vaxtagjalda og affalla umfram 100 milljónir kr. vegna lánaviðskipta lögaðila við tengda aðila takmarkast við 30% af hagnaði skattaðilans. Þau vaxtagjöld og afföll sem umfram eru koma ekki til frádráttar.

Takmörkun á frádrætti vaxtagjalda á þó ekki við ef:

- a) vaxtagjöld eru greidd vegna lánaviðskipta innan samstæðu sem nýtur heimildar til samsköttunar, eða uppfyllir skilyrði til samsköttunar, þegar öll félög samstæðu eru heimilisföst á Íslandi.
- b) skattaðili sýnir fram á að eiginfjárhlutfall hans sé eigi lægra en tveimur prósentustigum undir eiginfjárhlutfalli samstæðu sem hann tilheyrir; undanþágan gildir þó ekki ef eigið fé skattaðila var hækkað innan við sex mánuðum fyrir dagsetningu efnahagsreiknings og lækkað aftur um samsvarandi fjárhæð innan við sex mánuðum eftir dagsetningu efnahagsreiknings; hafi skattaðili bókfært eignarhlut í öðru fyrirtæki samstæðunnar samkvæmt hlutdeildaraðferð ber við útreikning á eiginfjárhlutfalli að miða við kostnaðarverð eignarhlutans.
- c) skattaðili er fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, váttryggingafélag samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi eða félag í eigu fyrrgreindra aðila sem starfar í sambærilegum rekstri.

12 Skattlagning vegna erlends eignarhalds á lágsfattasvæðum (CFC)

Skattaðili sem á beint eða óbeint hlut í hvers kyns félagi, sjóði eða stofnun sem telst heimilisföst í lágsfattaríki skal greiða tekjuskatt af hagnaði slíkra aðila í hlutfalli við eignarhluta sinn án tillits til úthlutunar. Hið sama á við um skattaðila sem

stjórnar félagi, sjóði, stofnun eða eignasafni í lágskattaríki sem skattaðili hefur beinan eða óbeinan ávinning af. Tekjur þessar eru skattskyldar með sambærilegum hætti og um væri að ræða starfsemi hér á landi. Ríki telst til lágskattaríkis þegar tekjuskattur af hagnaði er lægri en 2/3 hlutar af þeim tekjuskatti sem hefði verið lagður á félagið, sjóðinn eða stofnunina hefði hún verið heimilisföst á Íslandi.

13 Virðisaukaskattur

13.1 Skattskyldusvið

Greiða skal í ríkissjóð virðisaukaskatt af viðskiptum innanlands á öllum stigum svo og af innflutningi vöru og þjónustu.

Skattskyldan nær til allra vara og allrar þjónustu sem ekki er sérstaklega undanþegin með lögum.

Undanþegin starfsemi er t.d.:

- Heilbrigðisþjónusta, félagsleg þjónusta og íþróttastarfsemi.
- Rekstur skóla og ýmis kennsla.
- Aðgangseyrir að söfnum, tónleikum, leiksýningum og listdanssýningum.
- Almenningsamgöngur og akstur leigubíla.
- Fasteignaleiga og útleiga bifreiðastæða.
- Vátryggingarstarfsemi, þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana og verðbréfamiðlun.
- Starfsemi rithöfunda og tónskálda við samningu hugverka og sambærileg liststarfsemi.
- Útfararþjónusta og prestsþjónusta.

Þeir sem stunda undanþegna starfsemi skulu ekki innheimta virðisaukaskatt við sölu þjónustunnar. Þeim ber hins vegar að greiða virðisaukaskatt við kaup á aðföngum til starfseminnar. Þann virðisaukaskatt fá þeir ekki endurgreiddan í formi innskatts.

13.2 Skatthlutfall

Leggja skal 24% virðisaukaskatt á verð allra vara og þjónustu sem ekki er sérstaklega undanþegin skattskyldu. Þó skal virðisaukaskattur af sölu á eftirtalinni vöru og þjónustu vera 11%:

- Matvörum og öðrum vörum til manneldis.
- Útleigu hótél- og gistisherbergja og annarri gistipjónustu.
- Útleigu tjaldstæða.
- Fólksflutningum innanlands öðrum en almenningssamgöngum og leigubílaakstri.

- Þjónustu ferðaleiðsögumanna.
- Afnotagjaldi hljóð- og sjónvarpsstöðva.
- Tímaritum, dagblöðum og landsmála- og héraðsfréttablaðum.
- Bókum, þ.m.t. á rafrænu formi og hljóðbókum.
- Heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.
- Aðgangi að vegamannvirkjum.
- Geisladiskum, hljómplötum, segulböndum og sambærilegum miðlum, þ.m.t. rafrænum, með tónlist en ekki með mynd.
- Aðgangseyri að baðhúsum, baðstöðum, gufubaðsstofum og heilsulindum.
- Smokkum, tíðavörum og margnota bleium.
- Rafrænni útgáfu á tónlist án myndar.

13.3 Skattskyld velta

Til skattskyldrar veltu telst öll sala eða afhending vöru gegn greiðslu, svo og seld þjónusta. Hér með telst andvirði vöru eða skattskyldrar þjónustu sem fyrirtæki selur eða framleiðir og eigandi tekur út til eigin nota. Til skattskyldrar veltu telst einnig sala eða afhending á vöru sem seld er í umsýslu eða umboðssölu sem og sala eða afhending á vélum, tækjum og öðrum rekstrarfjármunum.

13.4 Undanþegin velta

Í undanþeginni veltu felst að ekki ber að innheimta virðisaukaskatt við sölu þrátt fyrir að hið selda falli undir skattskyldusvið virðisaukaskatts. Undanþegin velta takmarkar ekki innskattsrétt af aðföngum til starfseminnar. Til undanþeginnar veltu telst meðal annars:

- Vara sem seld er úr landi.
- Þjónusta sem veitt er atvinnufyrirtæki heimilisföstu erlendis, nema nýting þjónustunnar krefjist viðveru kaupandans hér á landi.
- Tilteknar tegundir þjónustu sem veitt er öðrum erlendum kaupanda en atvinnufyrirtæki, svo sem rafræn þjónusta, fjarskiptabjónusta, sérfræðibjónusta, auglýsingabjónusta, atvinnumiðlun, framsal óefnislegra réttinda og leiga lausafjármuna staðsettra erlendis.
- Vöru- og fólksflutningar milli landa.
- Skipasmíði og viðgerðar- og viðhaldsvinna við skip og loftför og fastan útbúnað þeirra, svo og efni og vörur sem það fyrirtæki, sem annast viðgerðina, notar og lætur af hendi við þá vinnu (á ekki við um skip undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta og einkaloftför).

- Sala og útleiga loftfara og skipa (á ekki við um skip undir 6 metrum að lengd, skemmtibáta og einkaloftför).
- Samningsbundnar greiðslur úr ríkissjóði vegna mjólkurframleiðslu og sauðfjáramleiðslu.
- Þjónusta sem veitt er erlendum fiskiskipum vegna löndunar eða sölu afla hér á landi.
- Vistir og búnaður afhentur til nota um borð í millilandaförum.
- Hönnun, skipulagning og áætlanagerð vegna fasteigna á erlendri grund.

13.5 Innskattur

Sá sem skráður hefur verið á virðisaukaskattsskrá má telja til innskatts þann virðisaukaskatt sem fellur á kaup hans á skattskyldum vörum og þjónustu til nota í rekstrinum, enda byggist innskattskrafa hans á fullnægjandi skjölum og bókhaldi.

Skilyrði innskattsfrádráttar er að seljandi vöru og þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá þegar viðskipti eiga sér stað.

Almennt er ekki heimilt að telja til innskatts virðisaukaskatt af aðföngum er varða:

- Kaffistofu eða mötuneyti skattaðila og hvers konar fæðis kaup hans.
- Öflun og rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir eiganda eða starfsmenn.
- Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna.
- Öflun og rekstur orlofsheimila, sumarbústaða og barnaheimila fyrir eiganda eða starfsmenn.
- Risnu og gjafir.
- Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða.

13.6 Skráning virðisaukaskattsskyldra aðila

Hver sá sem skattskyldur er, skal ótilkvaddur eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst, tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá ríkisskattstjóra.

Forsenda skráningar á virðisaukaskattsskrá er að samanlagðar tekjur af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu séu að jafnaði hærri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfsminnar.

Undanþegnir virðisaukaskattsskyldu og þar með skráningarskyldu eru þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 2.000.000 kr. á ári.

13.7 Fyrirfram skráning

Sá sem stundar starfsemi á þróunar- eða undirbúningsstigi á rétt á skráningu (fyrirfram skráningu) vegna verulegra kaupa varanlegra rekstrarfjármuna og vörubirgða, þótt skilyrði til almennrar skráningar séu ekki uppfyllt, sýni hann fram á að starfsemin muni skila tekjum og miði að hagnaði eftir eðlilegan uppbyggingartíma.

13.8 Lok starfsemi

Tilkynna skal ríkisskattstjóra um lok skráningarskyldrar starfsemi innan átta daga eftir að starfsemi lýkur. Við lok rekstrar skal telja verðmæti vörubirgða, véla, tækja og annarra rekstrarfjármuna til skattskyldrar veltu.

13.9 Brottfelling af virðisaukaskattsskrá

Ríkisskattstjóra er heimilt að fella aðila af virðisaukaskattsskrá sem sætt hefur áætlun virðisaukaskatts samfellt í tvö uppgjörstímabil eða lengur.

Aðili sem hefur verið felldur af virðisaukaskattsskrá getur ekki skráð sig aftur nema fullnægjandi skil hafi verið gerð á virðisaukaskattsskýrslum og virðisaukaskatti.

Aðili sem hefur verið skráður að nýju á virðisaukaskattsskrá skal nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil í a.m.k. tvö ár.

13.10 Skil á virðisaukaskatti

Almennt er uppgjörstímabil virðisaukaskatts tveir mánuðir; janúar og febrúar, mars og apríl o.s.frv. Frávik eru frá almennu reglunni sem ráðast m.a. af umfangi rekstrar og rekstrarformi.

Þeir sem selja virðisaukaskattsskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 4.000.000 kr. á heilu almanaksári, skulu gera upp virðisaukaskatt í einu lagi fyrir allt næsta almanaksár þar á eftir. Frávik frá framangreindu ráðast af eðli starfseminnar. Sem dæmi gilda sérstakar reglur um þá sem stunda landbúnað eða nytjaskógrækt og umboðsmenn erlendra aðila.

Almanaksárið skal vera uppgjörstímabil fyrir fyrsta ár rekstrar. Það á þó ekki við um lögaðila eða þá sem stunda landbúnað.

Gjaldtagi virðisaukaskatts er fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna viðskipta á því tímabili. Þannig er gjaldtagi vegna tímabilsins janúar og febrúar þann 5. apríl. Gjaldtagi ársskila er samkvæmt sömu reglu 5. febrúar næsta árs á eftir.

Fari skattskyld velta aðila í ársskilum yfir 4.000.000 kr. innan ársins skal hann gera skil á næsta gjalddaga tveggja mánaða skila og skal framvegis skila virðisaukaskattsskýrslu á tveggja mánaða fresti.

Berist virðisaukaskattsskýrsla eftir að aðili hefur sætt áætlun skal leggja á hann 5.000 kr. gjald fyrir hverja virðisaukaskattsskýrslu sem ekki hefur verið skilað á réttum tíma.

13.11 Byggingarstarfsemi á eigin kostnað – sérstök skráning

Þeir sem stunda byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á eigin kostnað, á eigin lóð eða leigulóð, skulu greiða virðisaukaskatt af starfseminni. Gildir einu hvort byggingaraðili ætlar að selja mannvirki, leigja út eða nota sjálfur. Í þessu felst að útskatta ber eigin vinnu, tækjanotkun og vinnu starfsmanna eftir ákveðnum reglum. Vegna sölu eða fyrirhugaðrar útleigu fasteignar getur byggingaraðili fengið sérstaka skráningu á virðisaukaskattsskrá, sem eykur innskattsrétt hans, en bakar honum leiðréttingarskyldu sem kaupandi eignar getur yfirtekið í samræmi við innskattsrétt hans.

13.12 Byggingarstarfsemi á kostnað annarra

Þeir sem í atvinnuskyni selja byggingarþjónustu af einhverju tagi eru virðisaukaskattsskyldir samkvæmt almennum reglum. Þeir sem reisa byggingar á lóðum annarra, eða annast endurbætur eða viðhald á mannvirkjum annarra, skulu því innheimta virðisaukaskatt af heildarendurgjaldi fyrir verkið. Frá innheimtum skatti er þeim heimilt eftir almennum reglum að draga frá sem innskatt þann virðisaukaskatt sem fellur á aðkeypta rekstrarfjármuni, vörur, vinnu, þjónustu og önnur aðföng.

13.13 Sala og útleiga fasteigna

Sala og útleiga fasteigna er starfsemi undanþegin virðisaukaskatti. Hvorki ber að innheimta virðisaukaskatt af söluverði fasteigna né af leigugjaldi fyrir þær. Útleigu atvinnuhúsnæðis er þó unnt að gera virðisaukaskattsskylda með heimild ríkisskattstjóra til frjálsrar skráningar á virðisaukaskattsskrá. Í frjálsri skráningu felst að leigusala ber að innheimta virðisaukaskatt af leigugjaldi. Í staðinn fær hann rétt til nýtingar innskatts vegna rekstrar þeirrar eignar sem skráningin tekur til, viðhalds hennar og endurbóta. Frjáls skráning er háð samþykki leigutaka.

13.14 Leiðréttingarskylda vegna varanlegra rekstrarfjármuna

Leiðréttta (bakfæra) skal innskatt vegna varanlegra rekstrarfjármuna, bæði mannvirkja og lausafjár, verði breyting á forsendum fyrir frádrætti innskatts vegna öflunar þeirra. Það telst breyting á forsendum fyrir frádrætti ef eign er seld, leigð út eða tekin til annarrar notkunar sem veitir skattaðila minni innskattsrétt en áður. Leiðréttingarskylda vegna mannvirkja lækkar um 5% á ári. Vegna lausafjár lækkar leiðréttingarskylda um 20% á ári. Við kaup á mannvirki getur kaupandi yfirtekið eftirstöðvar leiðréttingarskyldu eftir því sem innskattsréttur hans stendur til.

13.15 Virðisaukaskattsbifreiðar

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt vegna öflunar (kaupa og leigu) sendi- og vörubifreiða með leyfða heildarþyngd 5.000 kg eða minna, nema að:

- Uppfylltum skilyrðum um burðargetu og lengd farmrýmis.
- Þær séu eingöngu notaðar í virðisaukaskattsskyldri starfsemi.
- Þær hafi sérstök skráningarmerki með rauðum stöfum á hvítum grunni (VSK-númer).

Almennt eru öll einkanot bifreiða á VSK-númerum óheimil. Þó er, að undangenginni tilkynningu til ríkisskattstjóra heimilt að aka milli heimilis og vinnustaðar á slíkum bifreiðum, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, enda sé útskatti skilað af verðmæti þeirra einkanota.

13.16 Vistvæn farartæki

Heimild til að fella niður tiltekna fjárhæð virðisaukaskatts við innflutning og skattskylda sölu nýrra rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiða eða telja til undanþeginnar veltu að tilteknum skilyrðum uppfylltum, hefur verið framlengd og gildir til ársloka 2023 hvað varðar rafmagns- og vetnisbifreiðar og til ársloka 2022 hvað varðar tengiltvinnbifreiðar. Þó fellur heimildin niður vegna hverrar tegundar þegar fjöldi skráðra bifreiða af þeirri tegund nær 15.000.

Heimild til að fella niður tiltekna fjárhæð virðisaukaskatts við innflutning og skattskylda sölu nýrra rafmagns- og vetnisbifhjóla, léttu bifhjóla sem ganga fyrir rafmagni og reiðhjóla gildir á árunum 2020 - 2023.

13.17 Endurgreiðslur

Virðisaukaskattur er endurgreiddur úr ríkissjóði við vissar aðstæður. Má þar nefna:

- Endurgreiðslu 100%¹¹ virðisaukaskatts vegna vinnu manna við íbúðarhúsnæði.
- Endurgreiðslu 100%¹² virðisaukaskatts vegna vinnu manna við frístundahúsnæði, heimilisaðstoð og reglulega umhirðu íbúðarhúsnæðis.
- Endurgreiðslu 100%¹³ virðisaukaskatts vegna vinnu manna við mannvirki alfarið í eigu almannaheillafélaga og sem skráð eru á almannaheillaskrá Skattsins.
- Endurgreiðslu til opinberra aðila, sveitarfélaga og ríkisstofnana, á ýmissi þjónustu svo sem sérfræðiþjónustu, ræstingu, sorphreinsun og snjómokstri.
- Endurgreiðslu til erlendra aðila, svo sem fyrirtækja, sendimanna og ferðamanna.
- Endurgreiðslu 100% virðisaukaskatts vegna kaupa á hleðslustöð fyrir bifreiðar til uppsetningar í eða við íbúðarhúsnæði og jafnframt af vinnu við uppsetningu hleðslustöðvarinnar á árunum 2020 - 2023.

13.18 Samskráning

Ríkisskattstjóri getur heimilað að tvö eða fleiri hlutafélög og einkahlutafélög, verði samskráð á grunnskrá virðisaukaskatts. Skilyrði eru að eigi minna en 90% hlutafjár í dótturfélögum sé í eigu móðurfélagsins sem óskar samskráningar eða annarra dótturfélaga sem einnig taka þátt í samskráningunni. Jafnframt hafi öll félögin sama reikningsár. Samskráning skal vera í nafni móðurfélagsins og skal að lágmarki standa í fimm ár.

14 Veðiðigjöld

Á árinu 2022 er veðiðigjald hvers nytjastofns, í krónum á hvert kílógramm óslægðs afla 2,15 - 30,63 kr. Veðiðigjald þorsks er 17,74 kr. á hvert kílógramm óslægðs afla, ýsu 17,11 kr., ufsa 8,82 kr., makrils 5,27 kr. og kolmunna 2,15 kr.

Veðiðigjald er lagt á af Fiskistofu og innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs.

11. Endurgreiðsluhlutfall er almennt 60%. Á tímabilinu 1. mars 2020 til og með 30. ágúst 2022 er endurgreiðsluhlutfall 100%.
12. Almennt er ekki endurgreiddur virðisaukaskattur vegna vinnu manna á byggingarstað við frístundahúsnæði, heimilisaðstoðar né reglulegrar umhirðu íbúðarhúsnæðis. Á tímabilinu 1. mars 2020 til og með 30. júní 2022 er endurgreiðsluhlutfall 100%.
13. Endurgreiðsluhlutfall er 100% á tímabilinu 1. janúar 2022 til og með 31. desember 2025 og verður 60% frá og með 1. janúar 2026.

15 Ýmsar upplýsingar um skattskil rekstraraðila

Niðurfærsla á viðskiptakröfum og lánveitingum er að hámarki 5%.

Niðurfærsla á birgðum er að hámarki 5% af matsverði þeirra.

Sameignarfélög, samlagsfélög, dánarbú, brotabú og önnur félög skv. 3. og 5. tölul. 2. gr. laga um tekjuskatt greiða 22% tekjuskatt af fengnum arði.

Óskattskyldir lögaðilar greiða 22% fjármagnstekjuskatt af vöxtum, arði og söluhagnaði hlutafjár. Lífeyrissjóðir og lánasjóðir eru undanþegnir þeirri skattskyldu.

Heimilt er að draga frá tekjum rekstrartap síðustu tíu ára að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Ríkisskattstjóra er heimilt að synja um frádrátt vegna launa eða verktakagreiðslna sinni greiðandi ekki upplýsingaskyldu sinni um þær greiðslur.

Unnt er að óska eftir samsköttun tveggja eða fleiri hlutafélaga ef móðurfélag á að lágmarki 90% í dótturfélagi eða móður- og dótturfélag, sem taka þátt í samsköttuninni, eiga saman að lágmarki 90% í öðru dótturfélagi. Félögin þurfa að hafa sama reikningsár og eignarhald þarf að hafa varað allt reikningsárið nema þegar um nýstofnuð dótturfélög er að ræða. Að sömu skilyrðum uppfylltum geta tekið þátt í samsköttun hérlandar fastar starfsstöðvar félaga innan EES, EFTA eða í Færeyjum. Sækja skal um samsköttun eigi síðar en 30 dögum fyrir lok framtalsfrests. Samsköttun skal að lágmarki standa í fimm ár. Staðgreiðsla fellur niður af arði sem úthlutað er á milli samskattaðra félaga.

Skila ber upplýsingum um aðkeypta þjónustu og greiðslu þóknana til erlendra aðila annars vegar rafrænt á eyðublaðinu RSK 5.41 vegna mánaðarlega skila á staðgreiðslu og hins vegar á eyðublaðinu RSK 2.025, er fylgja skal skattframtali.

16 Skil staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts

16.1 Arður

Af arðgreiðslum innanlands ber að halda eftir 22% skatti og skila honum í ríkissjóð. Ekki ber að halda eftir staðgreiðslu af arði sem úthlutað er á milli hlutafélaga, einkahlutafélaga og samlagshlutafélaga.

Uppgjörstímabil eru þrír mánuðir í senn (janúar – mars o.s.frv.). Gjaldldagi er 20. næsta mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

Af arðgreiðslum til erlends lögaðila ber að halda eftir 20% skatti og skila honum í ríkissjóð. Af arðgreiðslum til erlendra manna ber að halda eftir 22% skatti. Uppgjörstímabil er einn mánuður í senn. Gjaldldagi er 1. dagur næsta mánaðar og eindagi 14 dögum síðar.

16.2 Vextir

Fjármálafyrirtækjum og öðrum fjárvörslufyrirtækjum ber að halda eftir og skila í ríkissjóð 22% skatti af greiddum og greiðslu-kræfum vöxtum innlendra móttakenda.

Af vaxtagreiðslum til erlends lögaðila og til erlendra manna ber greiðanda að halda eftir 12% skatti og skila honum í ríkissjóð. Uppgjörstímabil er einn mánuður í senn. Gjaldldagi er 1. dagur næsta mánaðar og eindagi 14 dögum síðar.

02 Einstaklingar

17 Opinber gjöld 2022 vegna ársins 2021

Tekjuskattur:	
0 – 349.018 kr. á mánuði	17,00%
349.018 kr. – 979.847 kr. á mánuði	23,50%
979.847 kr. og hærra á mánuði	31,80%
Útsvar (12,44% – 14,52%), staðgreiðsluhlutfall	14,45%
Fjármagnstekjuskattur	22,00% ¹⁴
Tekjuskattur barna yngri en 16 ára árið 2021	
af tekjum umfram 180.000 kr.	4,00%
Útsvar barna yngri en 16 ára árið 2021	
af tekjum umfram 180.000 kr.	2,00%
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, lagt á einstaklinga 16 – 69 ára ef tekjuskattsstofn ¹⁵	
er umfram 1.938.025 kr.	12.334 kr.
Sérstakt gjald til Ríkisútvarpsins ohf. lagt á einstaklinga 16 – 69 ára ef tekjuskattsstofn ¹⁵	
er umfram 1.938.025 kr.	18.800 kr.

18 Staðgreiðsla opinberra gjalda 2022

Staðgreiðsluhlutfall af tekjum:	
0 – 370.482 kr. á mánuði	31,45% ¹⁶
370.482 – 1.040.106 kr. á mánuði	37,95% ¹⁷
1.040.106 kr. og hærra á mánuði	46,25% ¹⁸
umfram 180.000 kr. hjá börnum yngri en 16 ára árið 2022 (fædd 2007 og síðar)	6,00%
manna með takmarkaða skattskyldu	34,45% ¹⁹
Fjármagnstekjuskattur	22,00% ¹²

19 Persónuafsláttur

	2022	2021
Persónuafsláttur, á ári	646.993 kr.	609.509 kr.
Persónuafsláttur, á mánuði	53.916 kr.	50.792 kr.

Óráðstafaður persónuafsláttur millifærast til maka²⁰.

14. Fritekjumark vegna vaxtatekna, arðs og söluhagnaðar hlutabréfa skráðum á markaði er 300.000 kr. á ári hjá einstaklingi og 600.000 kr. á ári hjá hjónum/samsköttuðum. Einungis skal skattleggja 50% leigutekna vegna útleigu íbúðarhúsnæðis sem fellur undir húsaleigulög og hinar útleigðu sérgreindu fasteignir eru ekki fleiri en tvær.

15. Með tekjuskattsstofni er átt við samantlagðar tekjur, þ.m.t. fjármagnstekjur.

16. Tekjuskattur og meðalútsvar (17,00%+14,45%).

17. Tekjuskattur og meðalútsvar (23,50%+14,45%).

18. Tekjuskattur og meðalútsvar (31,80%+14,45%).

19. Á aðeins við um ákveðnar tegundir tekna, svo sem laun fyrir stjórnar-, nefndar- og endurskoðunarstörf og þóknarir fyrir þjónustu hér á landi.

20. Af tekjuskattsstofni annars samskattaðs aðila sem er umfram 12.481.275 kr. skal það sem umfram er skattlagt með 23,50% skatthlutfalli, allt að helming þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn tekjulagri maka er undir 12.481.275 kr., þó aldrei hærrí fjárhæð en 4.017.746 kr.

Eftirlifandi maki nýtir persónuafslátt hins látna í níu mánuði eftir andlát.

Börn yngri en sextán ára njóta ekki persónuafsláttar.

Skattleysismörk tekjuárið 2022 eru 2.057.211 kr. miðað við meðalútsvar. Skattleysismörk þeirra sem greiða lögbundna lágmarksgreiðslu í lífeyrissjóð (4% af launatekjum) eru 2.142.928 kr. miðað við meðalútsvar og skattleysismörk þeirra sem greiða einnig hámarksframlag í séreignalífeyrissjóð (4%) eru 2.232.217 kr.

20 Frádráttur frá tekjum vegna framlaga einstaklinga í lífeyrissjóði

Frádráttarbær iðgjöld einstaklinga til öflunar lífeyrisréttinda eru 4% af heildarlaunum eða reiknuðu endurgjaldi og að auki allt að 4% vegna viðbótarlífeyrissparnaðar.

21 Skattfrádráttur vegna hlutafjárkaupa

Heimilt er við tiltekna aðstæður og að uppfylltum ýmsum skilyrðum að draga frá tekjuskatts- og/eða fjármagnstekjuskattsstofni einstaklinga hluta af fjárhæð sem varið er til kaupa á hlutafé (úr hlutafjárukningu) í hlutafélögum sem fengið hafa staðfestingu ríkisskattstjóra þar um. Þau skilyrði sem um ræðir snúa bæði að viðkomandi félagi sem fjárfest er í og þeim einstaklingi sem óskar eftir frádrætti.

Að skilyrðum uppfylltum dragast 75% af slíkri fjárfestingu frá skattskyldum tekjum manns sem nema þarf að lágmarki 300.000 kr. en að hámarki 15.000.000 kr. á ári.

22 Hlunnindamat í staðgreiðslu 2022

Öll hlunnindi og fríðindi sem launagreiðandi lætur starfsmanni í té til einkaparfa eru lögð að jöfnu við laun viðkomandi. Hér er átt við hlunnindi og fríðindi tengd starfinu, sem starfsmaður nýtur án þess að greiða fyrir þau fullt verð.

Ekki skal telja til tekna almennar kaffiveitingar starfsmanna á starfsstað, afnot þeirra af heilsubótaraðstöðu á starfsstað, fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og þátttöku á námskeiðum sem tengjast starfi þeirra beint.

Ekki skal telja til tekna hlunnindi og fríðindi sem felast í ýmsum viðurgjörningi við starfsmenn t.d. árshátíð, starfsmannaferðum, jólagleði og sambærilegum samkomum og viðburðum, enda sé

að jafnaði um að ræða viðburði sem standa öllum starfsmönnum launagreiðandans til boða og árlegur kostnaður af þeim nemi ekki hærri fjárhæð en 150.000 kr. á hvern starfsmann.

Sömu reglur gilda um framlög launagreiðanda til starfsmannafélaga sem nýtt eru til greiðslu á sams konar kostnaði og að framan greinir.

22.1 Bifreiðahlunnindi

Hafi starfsmaður afnot af bifreið launagreiðanda síns og honum er einungis heimilt að nota hana utan vinnutíma til aksturs milli heimils og vinnustaðar og til einstakra tilfallandi afnota telst hann hafa takmörkuð afnot af henni og skulu þau metin til tekna miðað við 120 kr. á hvern ekinn kílómetra. Gögn um takmörkuð afnot skulu greinilega færð og vera aðgengileg ríkisskattstjóra. Sé um frekari afnot að ræða telst starfsmaður hafa full umráð bifreiðar. Eigendur fyrirtækja, framkvæmdastjórar, stjórnarmenn og aðrir þeir sem sinna sambærilegum störfum teljast ávallt hafa full og ótakmörkuð umráð yfir þeim fólksbifreiðum sem þeir hafa til einkanota.

Við ákvörðun á fjárhæð fullra bifreiðahlunninda skal miða við verð bifreiðar og aldur. Jafnframt þarf að taka tillit til þess hvort bifreið er í eigu launagreiðanda eða hvort hann hefur hana t.d. á rekstrarleigu.

Ársumráð bifreiðar í eigu launagreiðanda sem keypt er 2014 eða síðar skulu miðast við 28% af upphaflegu kaupverði bifreiðarinnar samkvæmt eignaskrá launagreiðanda. Heimilt er að færa verð bifreiðarinnar niður um 10% á ári, í fyrsta skipti á árinu eftir kaupár en mest þannig að viðmiðunarverð til útreiknings á bifreiðahlunnindum verði aldrei lægra en 50% af kaupverði.

Ársumráð bifreiðar í eigu launagreiðanda sem keypt er 2013 eða fyrr skulu miðast við 28% af verði bifreiðarinnar eins og það er skilgreint í bæklingnum Bifreiðaskrá, RSK 6.03 fyrir það ár sem bifreiðin var tekin í notkun. Heimilt er að færa verð bifreiðarinnar niður um 10% á ári, í fyrsta skipti á árinu eftir kaupár en mest þannig að viðmiðunarverð til útreiknings á bifreiðahlunnindum verði aldrei lægra en 50% af matsverði hennar.

Ársumráð bifreiðar sem ekki er í eigu launagreiðandans, en hann hefur umráð yfir, reiknast af verði bifreiðarinnar skv. verðlista bifreiðaumboðs, en að öðru leyti eins og um eign launagreiðandans væri að ræða.

Greiði launamaður sjálfur rekstrarkostnað bifreiðar sem hann hefur til umráða skal lækka hlutfall hlunninda um 6% af verði bifreiðarinnar.

Ef um er að ræða bifreið sem eingöngu notar rafmagn sem orkugjafa og starfsmaður hleður bifreiðina á eigin kostnað, en annar rekstrarkostnaður er greiddur af launagreiðanda, er heimilt að lækka hlutfall hlunninda þannig að miðað sé við 27% af verði bifreiðarinnar í stað 28%.

22.2 Fatnaður

Meginreglan er sú að fatnað, sem starfsmanni er látinn í té, skal telja til tekna á kostnaðarverði.

Ekki telst til tekna;

- einkennisfatnaður sem starfsmönnum er ætlað að nota við störf sín,
- annar fatnaður sem er auðkenndur eða merktur launagreiðanda og er einkum nýttur vegna starfa í þágu hans og
- nauðsynlegur öryggis- og hlífðarfatnaður til nota við störf launþegans.

22.3 Fæði

Morgunverður	388 kr.
Hádegisverður eða kvöldverður	580 kr.
Fullt fæði á dag	1.547 kr.

22.4 Íbúðarhúsnæði

Árleg endurgjaldslaus afnot skulu metin til tekna sem jafngildir 5% af fasteignamati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar og margfölduð með gildistölu þess svæðis þar sem húsnæðið er sbr. eftirfarandi:

Staðsetning	Gildistala
Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður	1,00
Grindavík, Sandgerði, Garður, Reykjanesbær, Vogar, Akranes, Akureyri, Árborg, Hveragerði, Ölfus	0,80
Önnur sveitarfélög	0,70

Orku (rafmagn og hita) látna í té án endurgjalds skal telja til tekna á kostnaðarverði.

Ekki skal meta til tekna endurgjaldslaus afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem launamaður dvelur í takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

Telja skal til tekna endurgjaldslaus afnot starfsmanns af orlofs-húsi frá launagreiðanda með 4.000 kr. fyrir hvern dag, sem starfsmaðurinn og fjölskylda hans hafa húsið til afnota, umfram 10 daga á ári.

Ekki skal telja til tekna starfsmanns greiðslu á orlofsdvöl frá launagreiðanda eða stéttarfélagi fari hún ekki yfir 61.000 kr. á ári að því skilyrði uppfylltu að starfsmaðurinn leggi fram fullgilda og ófengjanlega reikninga vegna orlofsdvalarinnar.

22.5 Lán

Sá sem fær lán hjá launagreiðanda eða fyrir milligöngu hans skal telja mismun vaxta lánsins og þeirra vaxta sem birtir eru af Seðlabanka Íslands í samræmi við 10. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, til skattskyldra tekna séu vextir lánsins lægri en framangreindir vextir Seðlabanka Íslands. Miða skal við stöðu lánsins í byrjun hvers mánaðar og reikna staðgreiðslu opinberra gjalda mánaðarlega. Miða skal við almenna vexti af verðtryggðum eða óverðtryggðum lánum eftir atvikum.

22.6 Samgöngugreiðslur

Ekki skal telja til skattskyldra hlunninda greiðslu launagreiðanda, á kostnaði launþega vegna ferða milli heimilis og vinnustaðar og/ eða vegna ferða í þágu launagreiðanda ef nýttar eru almennings-samgöngur eða vistvænn samgöngumáti, að hámarki samtals 108.000 kr. miðað við starf allt árið eða 9.000 kr. á mánuði og að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- Undirritaður sé formlegur samningur milli launagreiðanda og launþega um nýtingu á almenningssamgöngum eða vistvænum ferðamáta vegna ferða launþegans til og frá vinnu sinnar og/eða vegna ferða í þágu launagreiðanda.
- Með vistvænum samgöngumáta er átt við að nýttur sé annar ferðamáti en með vélknúnum ökutækjum samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga, t.d. reiðhjól eða ganga.
- Séu framangreind skilyrði ekki uppfyllt er alltaf um að ræða skattskyld hlunnindi án frádráttar ef greiðsla er vegna ferða launþega til og frá vinnu.

22.7 Heilsurækt

Ekki skal telja til tekna starfsmanns greiðslu frá launagreiðanda, eða eftir atvikum stéttarfélagi sem ætlað er að standa straum af kostnaði við íþróttaiðkun og aðra heilsurækt að því marki sem slík greiðsla fer ekki yfir 65.000 kr. á ári.

23 Dagpeningar²¹

Leyfilegur frádráttur frá greiddum dagpeningum á árinu 2022 er að hámarki sama fjárhæð og nemur ákvörðun ferðakostnaðar-nefndar ríkisins á hverjum tíma um greiðslu dagpeninga.

23.1 Almennir dagpeningar erlendis á sólarhring

	gisting+annað	
Moskva, New York borg, Singapúr, Tókýó, Washington DC	333 SDR	208+125
Dublin, Ístanbúl, Japan (nema Tókýó), London, Lúxemborg, Mexíkóborg og Seúl	283 SDR	177+106
Amsterdam, Aþena, Bandaríkin (nema New York borg og Washington DC), Barselóna, Brussel, Genf, Helsinki, Hong Kong, Kanada, Kaupmannahöfn, Madrid, Oslo, París, Róm, Stokkhólmur og Vín	250 SDR	156+94
Annars staðar	222 SDR	139+83

23.2 Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa erlendis á sólarhring

	gisting+annað	
Moskva, New York borg, Singapúr, Tókýó, Washington DC	213 SDR	133+80
Dublin, Ístanbúl, Japan (nema Tókýó), London, Lúxemborg, Mexíkóborg og Seúl	180 SDR	113+67
Amsterdam, Aþena, Bandaríkin (nema New York borg og Washington DC), Barselóna, Brussel, Genf, Helsinki, Hong Kong, Kanada, Kaupmannahöfn, Madrid, Oslo, París, Róm, Stokkhólmur og Vín	160 SDR	100+60
Annars staðar	143 SDR	89+54

23.3 Almennir dagpeningar innanlands²²

2022	janúar
Gisting og fæði í einn sólarhring	30.700 kr.
Gisting einn sólarhring	17.700 kr.
Fæði hvern heilan dag ²³	13.000 kr.
Fæði hvern hálfan dag ²⁴	6.500 kr.

21. Ítarlegri upplýsingar er að finna á vefsíðu Skattsins, skatturinn.is

22. Getur breyst á árinu 2022.

23. Minnst 10 tíma ferðalag.

24. Minnst 6 tíma ferðalag

24 Ökutækjastyrkur

Frá ökutækjastyrk, sem launþegi hefur fært til tekna, heimilast til frádráttar tiltekinn kostnaður á hvern ekinn kílómetra í þágu launagreiðanda. Skilyrði fyrir frádrættinum er að fyrir liggi skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er skilmerkilega lýst og að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla.

Til frádráttar heimilast fjárhæð sem tekur mið af heildarakstri í þágu launagreiðanda. Frádráttur er ákvarðaður miðað við heildarakstur í þágu launagreiðanda og þá fjárhæð sem gildir á því akstursbili²⁵.

Eftirfarandi fjárhæðir heimilast til frádráttar á móti greiðslum frá launagreiðanda vegna aksturs í hans þágu miðað við hvern ekinn kílómetra:

Akstur í þágu launagreiðanda	Frádráttur á km. ²⁶	Akstur í þágu launagreiðanda	Frádráttur á km. ²⁴
0 – 1.000	120 kr.	8.001 – 9.000	92 kr.
1.001 – 2.000	118 kr.	9.001 – 10.000	90 kr.
2.001 – 3.000	116 kr.	10.001 – 11.000	85 kr.
3.001 – 4.000	102 kr.	11.001 – 12.000	83 kr.
4.001 – 5.000	99 kr.	12.001 – 13.000	81 kr.
5.001 – 6.000	97 kr.	13.001 – 14.000	79 kr.
6.001 – 7.000	95 kr.	14.001 – 15.000	77 kr.
7.001 – 8.000	94 kr.	15.001 og meira	72 kr.

Akstur launamanns á milli heimili hans og venjulegs vinnustaðar telst ekki í þágu launagreiðanda. Aki launamaður hins vegar beint frá heimili sínu til annars vinnustaðar en hins venjulega að beiðni launagreiðanda getur verið heimilt að færa frádrátt á móti greiðslum fyrir slík afnot ökutækis, enda séu þau afnot af ökutæki launamanns beinlínis tengd starfi hans en ekki fólgin í því einu að komast á vinnustað.

25 Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnstekjur manna utan rekstrar skattleggjast um 22%. Fritekjumark manna vegna vaxtatekna, arðs og söluhagnaðar af hlutabréfum skráðum á markaði er 300.000 kr.

25. Frádráttur verður aldrei lægri fjárhæð en orðið hefði ef akstur hefði numið hámarksakstri samkvæmt akstursbilinu fyrir neðan.

26. Hafi maður fengið greitt sérstakt gjald vegna aksturs á vegum þar sem ekki er bundið slitlag eða torfærugjald vegna aksturs á vegslóðum sem ekki eru færir fólksbilum er heimilt að óska eftir að frádráttur verði 15% hærri í fyrrihanda tilvikinu og 45% hærri í síðarihanda tilvikinu vegna þess aksturs, þó aldrei hærri fjárhæð en greidd var fyrir hvern ekinn kílómetra.

Til skattstofns teljast m.a. vextir, verðbætur og afföll, gengishagnaður, söluhagnaður af eignum og leigutekjur. Skatturinn er lagður á heildarvaxtatekjur, án frádráttar vaxtagjalda. Með sama hætti leggst hann á heildarleigutekjur án nokkurs frádráttar. Heimilt er að draga frá leigutekjum af íbúðarhúsnæði gjöld vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Gengishækkun hlutdeildarskírteina telst til vaxtatekna við innlausn eða sölu. Gengislækkun hlutdeildarskírteina dregst ekki frá tekjum.

Til skattstofns telst einnig arður af hlutabréfum og stofnsjóðum.

26 Leigutekjur

Tekjur manna af útleigu íbúðarhúsnæðis, frístundahúsnæðis eða annars húsnæðis teljast almennt stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Frá þessu eru undantekningar og ef þær eru uppfylltar teljast tekjurnar til fjármagnstekna utan rekstrar:

- Um er að ræða útleigu á íbúðarhúsnæði sem fellur undir húsaleigulög, enda séu hinar sérgreindu útleigðu íbúðir ekki fleiri en tvær. Frítekjumark vegna tekna manna af útleigu íbúðarhúsnæðis sem fellur undir húsaleigulög er 50% af leigutekjum.
- Um er að ræða útleigu sem telst vera heimagisting og hún hefur verið tilkynnt sýslumanni. Skilyrði er að heildartekjur af útleigunni séu ekki umfram 2.000.000 kr. á tekjuárinu og leigutími undir 90 dögum.

Leigutekjur af íbúðarhúsnæði utan atvinnurekstrar sem og leigutekjur af lausafé eða eignaréttindum sem ekki tengjast atvinnurekstri eru skattlagðar samkvæmt skattframtali og teljast til fjármagnstekna. Skatturinn er alfarið greiddur eftirá og tekur mið af fjármagnstekjuskattshlutfalli. Ekki er heimilaður frádráttur á móti leigutekjum og eru því brúttótekjur skattlagðar.

27 Söluhagnaður hlutabréfa

Söluhagnaður hlutabréfa í eigu einstaklinga er skattskyldur á söluári en hann er mismunur á söluverði og kaupverði. Til söluverðs telst heildarandvirði að frádregnum beinum sölukostnaði. Kaupverð hvers hlutar telst jafnt meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar á hendi sama eiganda.

Kaupverð í hendi seljanda telst vera:

- Bréf keypt fyrir árslok 1996: Framreiknað kaupverð til ársloka 1996 eða jöfnunarverðmæti í árslok 1996.
- Bréf keypt 1. janúar 1997 eða síðar: Kaupverð.

Hagnaður einstaklinga af sölu hlutabréfa er skattlagður sem fjármagnstekjur. Hagnaður einstaklinga af sölu hlutabréfa í tilteknum félögum, sem keypt voru á árunum 1990 til 1996, er undanþeginn tekjuskatti upp að vissu marki. Hámark skattfrjáls söluhagnaðar vegna þessa er 367.625 kr. hjá einstaklingi en 735.250 kr. hjá hjónum eða samsköttuðu sambýlisfólki.

Tap af sölu hlutabréfa er ekki heimilt að draga frá öðrum tekjum en hafi einstaklingur skattskyldan hagnað af sölu slíkra eigna á sama ári er heimilt að draga tapið frá þeim hagnaði.

Hafi maður keypt hlutabréf samkvæmt kauprétti vegna starfa þá telst til skattskyldra launatekna mismunur á kaupverði samkvæmt kaupréttarsamningi og gangverði bréfanna þegar kaupréttur er nýttur. Skattlagningu skal frestað þar til bréfin eru seld.

Mismunur gangverðs og kaupverðs telst þó ekki til launatekna ef kaupin eru á grundvelli kaupréttaráætlunar launagreiðandans sem ríkisskattstjóri hefur staðfest, að uppfylltum tilteknum skilyrðum um m.a. starfssamband, tímamörk og fjárhæð.

28 Söluhagnaður íbúðarhúsnæðis

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis sem maður hefur átt skemur en tvö ár er skattskyldur á söluári og skattleggst sem fjármagnstekjur. Sölutap vegna íbúðarhúsnæðis er ekki heimilt að draga frá öðrum tekjum en hafi einstaklingur skattskyldan hagnað af sölu sambærilegra eigna á sama ári er heimilt að draga tapið frá þeim hagnaði.

Hagnaður manns af sölu íbúðarhúsnæðis er skattfrjáls hafi hann átt hina seldu eign í full tvö ár eða lengur og ef heildarrúmmál íbúðar- og frístundahúsnæðis í eigu seljanda á söludegi er ekki meira en 600m³ hjá einstaklingi eða 1.200m³ hjá hjónum. Hafi hið selda íbúðarhúsnæði verið til eigin nota eigenda þess skiptir rúmmál þess ekki máli að því er varðar skattskyldu á söluhagnaði.

Hafi maður átt íbúðarhúsnæði skemur en tvö ár er hægt að fara fram á frestun söluhagnaðar um tvenn áramót frá söludegi. Kaupi maður annað íbúðarhúsnæði eða hefji byggingu íbúðarhúsnæðis í stað þess selda innan þess tíma færist söluhagnaðurinn til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Heimilt er að endurfjárfesta í íbúðarhúsnæði á Íslandi eða öðru ríki innan EES, EFTA eða í Færeyjum.

29 Söluhagnaður frístundahúsnæðis

Hagnaður af sölu frístundahúsnæðis sem maður hefur átt í að lágmarki sjö ár, verið nýtt af eigendum og ekki verið í útleigu gegn endurgjaldi er skattfrjáls ef samanlögð stærð íbúðar- og frístundahúsnæðis á söluþegi var ekki umfram 600 m³ hjá einstaklingi en 1.200 m³ hjá hjónum.

Mönnum utan atvinnurekstrar er heimilt að telja helming söluverðs til skattskyldra tekna í stað söluhagnaðar.

30 Vaxtabætur 2022

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta miðast að hámarki við 7% af skuldum, sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota, eins og þær voru í árslok 2021 eða við sölu á árinu.

Vaxtagjöld eru þó að hámarki:

Einstaklingur	840.000 kr.
Einstætt foreldri	1.050.000 kr.
Hjón og sambýlisfólk	1.260.000 kr.

Vaxtabætur ákvarðast sem vaxtagjöld samkvæmt framansögðu að frádregnum 8,5% af tekjum²⁷.

Þannig ákvarðaðar vaxtabætur skerðast ef eignir að frádregnum skuldum eru hærri en:

Hjá einstaklingi / einstæðu foreldri	5.000.000 kr.
Hjá hjónum og sambýlisfólki	8.000.000 kr.

Réttur til vaxtabóta fellur niður um leið og nettó eign verður:

Hjá einstaklingi / einstæðu foreldri	8.000.000 kr.
Hjá hjónum og sambýlisfólki	12.800.000 kr.

Reiknaðar vaxtabætur geta að hámarki orðið:

Einstaklingur	420.000 kr.
Einstætt foreldri	525.000 kr.
Hjón og sambýlisfólk	630.000 kr.

Gjaldfallin vaxtagjöld sem greidd voru á árinu teljast stofn til vaxtabóta. Vaxtabætur skiptast jafnt á milli hjóna/sambúðarfólks. Vaxtabætur sem eru lægri en 5.000 kr. á mann falla niður.

27. Með tekjum er átt við samanlagðar tekjur, þar með taldar fjármagnstekjur og óskattlögð laun frá alþjóðastofnunum. Sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar telst hins vegar ekki til tekna sem skerða vaxtabætur.

30.1 Fyrirframgreiðsla vaxtabóta

Heimilt er að greiða ársfjórðungslega fyrirfram áætlaðar vaxtabætur til þeirra sem festa kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Sá sem rétt kann að eiga til fyrirframgreiðslu vaxtabóta á því ári sem hann aflar sér íbúðarhúsnæðis skal sækja um fyrirframgreiðsluna til ríkisskattstjóra og leggja fram tilskyldar upplýsingar. Við álagningu opinberra gjalda að tekjuári liðnu skal fara fram endanleg ákvörðun á vaxtabótum vegna tekjuársins.

31 Barnabætur 2022

Tekjutengdar barnabætur með börnum yngri en átján ára (fædd 2004 eða síðar):

Óskertar barnabætur hjóna/sambúðarfólks:

Með fyrsta barni	248.000 kr.
Með hverju barni umfram eitt	295.000 kr.

Óskertar barnabætur einstæðra foreldra:

Með fyrsta barni	413.000 kr.
Með hverju barni umfram eitt	423.000 kr.

Skerðingarhlutföll hjá hjónum og sambúðarfólki:

	1 barn	2 börn	+3 börn
Tekjustofn ²⁸ á bilinu 9.098.000 kr.			
að 12.320.000 kr.	4%	6%	8%
Tekjustofn ²⁸ umfram 12.320.000 kr. .	5,5%	7,5%	9,5%

Skerðingarhlutföll hjá einstæðum foreldrum:

	1 barn	2 börn	+3 börn
Tekjustofn ²⁸ á bilinu 4.549.000 kr.			
að 6.160.000 kr.	4%	6%	8%
Tekjustofn ²⁸ umfram 6.160.000 kr. ...	5,5%	7,5%	9,5%

Auk þess skal greiða tekjutengdar barnabætur með öllum börnum yngri en 7 ára á tekjuárinu. Skulu þær nema 148.000 kr. og skal skerðingarhlutfall þeirra vera 4% umfram mörk fyrir hvert barn.

Fyrirframgreiðsla barnabóta nemur 50% af áætluðum barnabótum og fer fram 1. febrúar og 1. maí 2022.

28. Með tekjum er átt við samanlagðar tekjur, þar með taldar fjármagnstekjur og óskattlögð laun frá alþjóðastofnunum.

32 Heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni og aðrar ívilnanir

Í 65. gr. tekjuskattslaga er að finna heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni (útsvarsstofn lækkar um sömu fjárhæð). Lækkun á tekjuskatts- og útsvarsstofni er heimil þegar gjaldþol einstaklinga hefur skerst verulega vegna: a) andláts, t.d. maka, b) veikinda, slysa og/eða ellihrörleika, c) veikinda barns, d) fatlaðs barns, e) framfærslu vandamanna, f) eignatjóns, g) tapaðra krafna.

Þá er hægt að sækja um ívilnun skv. þessari grein hafi framteljandi á framfæri ungmenni 16 ára og eldri sem eru við nám eða hafa af öðrum ástæðum það lágar tekjur að þær duga ekki til framfærslu. Mesta lækkun framfæranda við álagningu 2022 er 425.000 kr. Við útreikning á lækkun er tekið mið af tekjum ungmennisins og ívilnun skert sem nemur þriðjungi af tekjum þess.

Frá ættleiðingarstyrk heimilast frádráttur vegna útgjalda, að hámarki sömu fjárhæðar og fenginn styrkur.

Styrkir sem foreldrar eða forráðamenn barns fá frá sveitarfélagi til að annast barn heima, frá lokum fæðingarorlofs fram til þess að það hefur leikskólavistun eða grunnskólanám, teljast ekki til tekna hjá móttakanda.

33 Erfðafjárskattur

Af öllum fjárverðmætum er við skipti á dánarbúi manns ganga til erfingja hans skal greiða 10% erfðafjárskatt í ríkissjóð. Það sama gildir um gjafaarf, dánargjöf, fyrirframgreiddan arf og skilyrtar gjafir.

Engan erfðafjárskatt skal greiða af fyrstu 5.255.000 kr. nema um fyrirframgreiðslu arfs sé að ræða. Við mat á eignum er almennt miðað við markaðsvirði viðkomandi eigna.

Engan erfðafjárskatt skal greiða af arfi sem fellur til maka hins látna.

Ekki skal greiða erfðafjárskatt af gjöfum sem falla til félagasamtaka og sjálfseignarstofnana sem starfa að almannaeiðum.

Skuldir arfleifanda, þ.m.t. væntanleg opinber gjöld, skulu koma til frádráttar áður en erfðafjárskattur er reiknaður, svo og útfararkostnaður arfleifanda og kostnaður sem nauðsynlegur reynist til að skipta búinu og ákvarða skattstofna.

34 Tekjuskattur dánarbúa og þrotabúa

Dánarbú og þrotabú eru lögaðilar og gilda almennar reglur um tekjuskatt lögaðila um skattlagningu þeirra. Þó skal fara með söluhagnað dánarbúa af íbúðarhúsnæði með sama hætti og slíkan hagnað manns. Tekjuskattur dánarbúa og þrotabúa er 37,6% en 22% af fengnum arði.

35 Yfirlit um útsvar

	2022	2021
Vegið meðaltal útsvars í staðgreiðslu	14,45%	14,45%
Sveitarfélög		
Útsvar í öðrum en neðangreindum sveitarfélögum	14,52%	14,52%
Fljótshreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skorradalshreppur	12,44%	12,44%
Ásahreppur	14,52%	12,44%
Eyja- og Miklaholtshreppur	14,52%	14,48%
Fjallabyggð, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær	14,48%	14,48%
Garðabær	13,70%	13,70%
Seltjarnarnes	14,09%	13,70%
Grindavík	14,40%	14,40%
Hvalfjarðarsveit	13,69%	13,69%
Kjósahreppur	13,73%	13,73%
Tjörneshreppur	14,00%	14,00%
Vestmannaeyjar	14,46%	14,46%

36 Erlendar tekjur

36.1 Launatekjur erlendis

Hafi framteljandi aflað launatekna erlendis, á sama tíma og hann var heimilisfastur hér á landi, ber honum að gera grein fyrir þeim tekjum í lið 2.8 „Tekjur erlendis“ á skattframtali. Hér er átt við hvers konar launatekjur, starfstengdar greiðslur og hlunnindi.

Tilgreina skal í hvaða landi teknanna er aflað og fjárhæð þeirra í erlendri mynt. Fjárhæðina skal umreikna í íslenskar krónur á meðalkaupgengi þess tíma þegar teknanna var aflað. Jafnframt skal gera grein fyrir sköttum greiddum erlendis af tekjunum.

Sé um að ræða tekjur frá ríki sem ekki er tvísköttunarsamningur við þarf að leggja fram gögn sem sýna greiddan skatt.

36.2 Vaxtatekjur erlendis

Hvers konar vaxtatekjur skal telja fram en þær eru skattskyldar hér á landi óháð því hvar þeirra er aflað. Vaxtatekjur skal umreikna í íslenskar krónur miðað við kaupgengi eins og það var þegar þær voru lausar til ráðstöfunar.

Gögn um greiðslu skatta af vöxtum erlendis skulu fylgja framtali.

36.3 Arður erlendis

Arður af erlendum hlutabréfum er framtalsskyldur hér á landi. Hafi verið greiddir skattar erlendis af arðinum skal gera grein fyrir þeim skattgreiðslum í athugasemdadálki á fyrstu síðu framtalsins. Umreikna skal arðinn og skattgreiðslurnar í íslenskar krónur miðað við kaupgengi eins og það var þegar arðurinn var greiddur. Jafnframt skal láta fylgja með framtali staðfestingu um greidda skatta erlendis.

36.4 Aðrar tekjur erlendis

Hafi annarra tekna verið aflað erlendis en þeirra sem fjallað hefur verið um hér að framan, skal gera grein fyrir þeim og sköttum sem af þeim hafa verið greiddir í athugasemdadálki á fyrstu síðu framtals. Á þetta við um söluhagnað, leigutekjur, hvers konar skattskylda vinninga o.fl. Tekjur og skattgreiðslur skal umreikna í íslenskar krónur miðað við meðalgengi þess tímabils þegar teknanna var aflað. Jafnframt skal láta fylgja með framtali staðfestingu um greidda skatta erlendis.

37 Aðferðir til að komast hjá tvísköttun

Í tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert er kveðið á um tvær aðferðir til að aflétta tvísköttun, þ.e. undanþáguaðferðin og frádráttaraðferðin.

Ef ekki er fyrir hendi tvísköttunarsamningur er ríkisskattstjóraheimilt að lækka tekjuskatt hér á landi með hliðsjón af skattgreiðslum erlendis en framteljandi verður þá að láta fylgja með framtali, staðfestingu á greiðslu þeirra.

38 Tvísköttunarsamningar

Tvísköttunarsamningar veita ívilnun frá gildandi skattalöggjöf. Ísland og viðkomandi samningsríki hafa skuldbundið sig með gagnkvæmum samningi til að víkja frá almennum skattareglum í því skyni að komast hjá tvísköttun tekna.

Tvísköttunarsamningar sem Ísland hefur gert við önnur ríki takmarka m.a. heimildir Íslands til að skattleggja arð²⁹, þóknanir og vexti erlendra aðila. Eftirfarandi tafla sýnir skattlagningarheimildir Íslands samkvæmt samningunum³⁰.

Land	Arður Einstaklingur/Félag	Vextir	Þóknanir
Albanía	10%/5% ³¹	10%	10%
Austurríki	15%/5% ³¹	0%	5%
Bandaríkin	15%/5% ³²	0%	0%/5% ³³
Barbados	15%/5% ³²	10%	5%
Belgía	15%/5% ³²	10%	0%
Bretland	15%/5% ³²	0%	0%/5% ³³
Danmörk ³⁴	15%/0% ³²	0%	0%
Eistland	15%/5% ³¹	10%	5% ³⁵ /10%
Finnland ³⁴	15%/0% ³²	0%	0%
Frakkland	15%/5% ³²	0%	0%
Færeyjar ³⁴	15%/0% ³²	0%	0%
Georgía	10%/5% ³¹	5%	5%
Grikkland	15%/5% ³²	8%	10%

29. Í flestum tvísköttunarsamningum er tekið fram að reglan gildi ekki um sameignarfélög (e. partnerships).

30. Ákveðin skilyrði gilda um skatthlutföllin sem ekki verða talin upp hér.

31. Ef eignarhlutur hins erlenda félags er yfir 25%. Ef eignarhlutur er undir 25% gildir hlutfallið fyrir einstaklinga.

32. Ef eignarhlutur hins erlenda félags er yfir 10%. Ef eignarhlutur er undir 10% gildir hlutfallið fyrir einstaklinga.

33. Heimilt er að skattleggja þóknanir ef þær eru endurgjald fyrir afnot eða rétt til afnota af vörumerki og hvers konar upplýsingum um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda sem eru látin í té í tengslum við leigu eða sérleyfissamning sem tekur til réttar til þess að nota vörumerki eða kvikmynd eða verk á filmu eða myndbandi eða sem fjölfölduð eru með öðrum hætti til notkunar í tengslum við sjónvarp.

34. Norðurlandasamningurinn.

35. 5% eiga við um þóknanir greiddar fyrir afnot af iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnaði.

Land	Arður Einstaklingur/Félag	Vextir	Póknanir
Grænland	15%/5% ³¹	0%	15%
Holland	15%/0% ³²	0%	0%
Indland	10%/10%	10%	10% ³⁶
Írland	15%/5% ³¹	0%	0% ³⁷ /10%
Ítalía	15%/5% ^{32,38}	0%	5%
Japan	15%/0%/5% ³²	10%	0%
Kanada	15%/5% ³²	10%	0% ³⁵ /10%
Kína	10%/5% ³¹	10%	10%
Króatía	10%/5% ³²	10%	10%
Kýpur	10%/5% ³²	0%	5%
Lettland	15%/5% ³¹	10%	5% ³⁵ /10%
Liechtenstein	15%/0% ^{32,38}	0%	0%/5% ³⁹
Litháen	15%/5% ³¹	10%	5% ³⁵ /10%
Lúxemborg	15%/5% ³¹	0%	0%
Malta	15%/5% ³²	0%	5%
Mexíkó	15%/5% ³²	10%	10%
Noregur ³⁴	15%/0% ³²	0%	0%
Portúgal	15%/10% ³¹	10%	10%
Pólland	15%/5% ³¹	10%	10%
Rúmenía	10%/5% ³¹	3%	5%
Rússland	15%/5% ³¹	0%	0%
Slóvakía	10%/5% ³¹	0%	10%
Slóvenía	15%/5% ³¹	5%	5%
Spánn	15%/5% ³¹	5%	5%
Suður Kórea	15%/5% ³¹	10%	10%
Sviss	15%/0% ^{32,38}	0%	0%/5% ³⁹
Svíþjóð ³⁴	15%/0% ³²	0%	0%
Tékkland	15%/5% ³¹	0%	10%
Ungverjaland	10%/5% ³¹	0%	10%
Úkraína	15%/5% ³¹	10%	10%
Víetnam	15%/10% ³¹	10%	10%
Þýskaland	15%/5% ⁴⁰	0%	0%

36. Á við um póknanir og gjöld vegna tækniþjónustu.

37. 0% á við um höfundarétt af hugbúnaði, einkaleyfi og sérþekkingu (e. know-how).

38. Skilyrði að eignaraðild hafi varað í a.m.k. 12 mánuði.

39. 0% skatthlutfall á við um höfundarétt, þ.e. höfundarétt á verkum á sviði bókmennta, lista eða vísinda, þar með töldum kvikmyndum og sérþekkingu (e. know-how), þ.e. upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda. 5% skatthlutfall á við um hugverkaréttindi (e. intellectual property rights), þ.e. hvers konar einkaleyfi, vörumerki, mynstur eða líkan, áætlun leynilegrar formúlu eða framleiðsluaðferðar.

40. Ef eignarhlutur hins erlenda félags er yfir 25%. Ef eignarhlutur er undir 25% gildir hlutfallið fyrir einstaklinga. Samningurinn við Þýskaland hefur verið uppfærður og mun krafa um lágmarkseignarhlut lækka í 10%. Sú breyting hefur ekki tekið gildi.

Það liggja fyrir árituð samningsdrög við Búlgaríu og Katar sem vænta má að taki gildi á komandi árum auk þess sem ritað hefur verið undir samningsdrög við Þýskaland vegna endurskoðunar á tvísköttunarsamningi. Samningaviðræður hafa verið við Chile um gerð tvísköttunarsamnings.

Upplýsingaskiptasamningar og samningar tengdir þeim hafa tekið gildi við Andorra, Angvilla, Antígva og Barbúða, Arúba, Bahama, Bahrain, Belís, Bermúdaeyjar, Botswana, Bresku Jómfrúareyjar, Brúnei, Cayman eyjar, Cooks eyjar, Dóminíka, Gibraltar, Grenada, Guernsey, Hollensku Antillur, Hong Kong, Jersey, Liechtenstein, Líberíu, Makaó, Míritius, Marshall eyjar, Montserrat, Mónakó, Mön, Nieu, Panama, Samóa, San Marínó, Sankti Lúsía, Seychelles, Turks og Caicos eyjar og Úrugvæ. Slíkir samningar við Gvatemala, Jamaika, Kosta Ríka, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Sankti Kitts og Nevis, Sankti Vinsent og Grenadíneyjar og Vanúatú hafa einnig verið undirritaðir en þeir hafa enn ekki tekið gildi.

39 Þinglýsingar- og skráningargjöld

Þinglýsing skjala	2.500 kr.
Skráningargjald kaupmála	9.000 kr.
Þinglýsingarvottorð	2.000 kr.

40 Stimpilgjöld

Greiða skal stimpilgjald af skjölum er varða eignaryfirfærslu fasteigna á Íslandi, svo sem afsölum, kaupsamningum, gjafagerningum og kaupmálum.

Gjaldhlutfall:

Af gjaldskyldum skjölum skal greiða:

- 0,8% stimpilgjald ef réttthafi er einstaklingur.
- 1,6% stimpilgjald ef réttthafi er lögaðili.

Undantekning er ef fasteign er seld veðhafa við nauðungarsölu en þá greiðir veðhafi hálf stimpilgjald af verðmæti eignarinnar hvort sem hann er einstaklingur eða lögaðili.

Þegar um er að ræða fyrstu kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði greiðist hálf stimpilgjald af gjaldskyldu skjali.

Ekki ber að greiða stimpilgjald þegar nafnbreyting verður á eiganda fasteignar í opinberum skrá, svo sem í þinglýsingabókum, í kjölfar félagsréttarlegs samruna eða skiptingar.

41 Opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands

	Miðgengi 31.12.21	Miðgengi 31.12.20	Breyting	Meðalgengi ársins 2021
USD	130,38	127,21	2,49%	127,05
EUR	147,60	156,10	-5,45%	150,19
GBP	175,73	173,55	1,26%	174,71
CAD	102,42	99,91	2,51%	101,30
DKK	19,847	20,98	-5,40%	20,195
NOK	14,772	14,928	-1,05%	14,782
SEK	14,392	15,569	-7,56%	14,807
CHF	142,83	144,38	-1,07%	138,97
JPY	1,1326	1,2341	-8,22%	1,1572
XDR (SDR)	182,50	183,85	-0,73%	180,92

42 Gengi skráðra hlutabréfa

	Árslok 2021	Árslok 2020
Arion banki	190,50	95,00
Brim	78,00	50,10
Eik fasteignafélag	12,30	9,27
Eimskipafélag Íslands	505,00	258,00
Festi	226,00	172,50
Hagar	67,50	60,10
Iceland Seafood International	14,80	12,60
Icelandair Group	1,82	1,64
Íslandsbanki	126,20	-
Kvika banki	26,80	17,30
Marel	874,00	788,00
Origo	72,00	39,90
Reginn	33,20	22,80
Reitir fasteignafélag	85,00	70,80
Síminn	12,00	8,02
Síldarvinnslan	101,00	-
Sjóvá-Almennar tryggingar	38,00	27,35
Skeljungur	14,20	8,97
Sýn	65,50	39,00
TM	-	54,50
Vátryggingafélag Íslands	20,40	14,41

43 Vísitölur⁴¹

	Jan.'22	Jan.'21	Breyting
Byggingarvísitala, grunnur 2019	159,7	149,5	6,82%
Vísitala neysluverðs til verðtr. ...	513,0	489,3	4,84%

43.1 Yfirlit um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

	Jan.	Feb.	Mar.	Apr.	Mai	Jún.
2020	472,8	473,3	469,8	474,1	475,2	477,5
2021	489,3	490,3	490,0	493,4	495,8	499,3

	Júl.	Ágú.	Sep.	Okt.	Nóv.	Des.
2020	480,1	482,2	482,9	485,1	487,0	489,1
2021	501,4	502,7	503,5	505,8	508,2	511,2

43.2 Ársmeðaltal vísitölu neysluverðs

	Ársmeðaltal	Ársbreyting
2020	481,9	+2,84%
2021	503,3	+4,45%

44 Verðbreytingarstuðull

Með lögum nr. 133/2001 var verðbreytingarfærsla í skattalögum felld niður.

Verðbreytingarstuðlar skattalaga til notkunar við útreikning á söluhagnaði eigna á árinu 2021:

Kaupár	Stuðull	Kaupár	Stuðull	Kaupár	Stuðull
2001-21	1,0	1984	5,1291	1967	816,6809
2000	1,0861	1983	6,4998	1966	852,4393
1999	1,1315	1982	11,1580	1965	1.002,2263
1998	1,1949	1981	17,1593	1964	1.143,4985
1997	1,2101	1980	26,3379	1963	1.319,0803
1996	1,2347	1979	40,7990	1962	1.398,6803
1995	1,3096	1978	59,3680	1961	1.573,4840
1994	1,3518	1977	87,9550	1960	1.734,2706
1993	1,3764	1976	112,7102	1959	1.834,4517
1992	1,4193	1975	141,3697	1958	1.997,6254
1991	1,4362	1974	210,2847	1957	2.163,2926
1990	1,5247	1973	309,1067	1956	2.433,7056
1989	1,8167	1972	383,8643	1955	2.562,6323
1988	2,2209	1971	456,1771	1954	2.767,1168
1987	2,6315	1970	523,3820	1953	2.913,2333
1986	3,1039	1969	613,2879	1952	2.974,7935
1985	3,9858	1968	754,6361	1951	3.354,5704

41. Heimild: Hagstofa Íslands.

45 Helstu skiladagar gagna og framtala

Skiladagur á launamiðum, verktakamiðum, bifreiðahlunninda-
miðum, hlutafjármiðum, skýrslu um viðskipti með hlutabréf,
stofnsjóðsmiðum og greiðslumiðum vegna leigu og afnota vegna
ársins 2021 er 20. janúar 2022. Sama frest hafa fjármálafyrirtæki
til að skila skýrslum um hlutabréfaviðskipti, bankainnistæður og
lán til einstaklinga.

Almennur frestur til að skila skattframtali einstaklinga og ein-
staklinga með atvinnurekstur er 14. mars 2022. Þeir sem hafa
atvinnu af framtalsgerð geta sótt um lengri framtalsfrest.

Framtalsfrestur lögaðila er til og með 31. maí 2022. Þeir sem
atvinnu hafa af framtalsgerð geta sótt um lengri framtalsfrest.

46 Algeng félagaform

46.1 Hlutfélög

Um hlutfélög gilda lög nr. 2/1995. Eitt helsta einkenni hluta-
félaga er að félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð á
skuldbindingum félagsins. Félagið sem slíkt er lögaðili sem standa
þarf undir eigin skuldbindingum og er það sjálfstæður skattaðili.

Lágmarkshlutfé í hlutfélögum er 4.000.000 kr.

Í stjórn hlutfélags skulu eiga sæti fæst þrír menn. Stjórn skal
ráða framkvæmdastjóra fyrir félagið.

Hluthafar í hlutfélagi þurfa að vera a.m.k. tveir.

46.2 Einkahlutfélög

Um einkahlutfélög gilda lög nr. 138/1994. Eitt helsta einkenni
einkahlutfélaga er að félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð
á skuldbindingum félagsins. Félagið sem slíkt er lögaðili sem
standa þarf undir eigin skuldbindingum og er það sjálfstæður
skattaðili.

Lágmarkshlutfé í einkahlutfélögum er 500.000 kr.

Í stjórn einkahlutfélags skulu eiga sæti a.m.k. þrír menn nema
hluthafar séu færri en fjórir en þá nægir að einn eða tveir menn
sitji í stjórn.

Sé stjórnarmaður einn skal kjósa einn varamann. Ekki er skylt
að ráða framkvæmdastjóra í einkahlutfélagi. Verði ráðinn
framkvæmdastjóri má hann ekki jafnframt vera formaður stjórnar
félagsins.

46.3 Samlagsfélög

Helsta einkenni samlagsfélaga er að innan þeirra eru tvær tegundir félagsmanna sem greinast þannig að minnsta kosti einn aðili ber ótakmarkaða beina ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins annars vegar og hins vegar getur samlagsaðili ábyrgst skuldir félagsins í samræmi við stofnframlag sitt. Með þessu móti geta samlagsmenn takmarkað ábyrgð sína við ákveðna fjárhæð með svipuðum hætti og gerist í hlutafélögum.

Samlagsfélög geta bæði verið sjálfstæðir eða ósjálfstæðir skattaðilar. Sé félagið skráð ósjálfstæður skattaðili er hagnaður félagsins skattlagður hjá félagsmönnum.

46.4 Sameignarfélög

Um sameignarfélög gilda lög nr. 50/2007. Eigendur sameignarfélaga bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins og byggja félögin á samningi tveggja eða fleiri félagsmanna. Mismunandi eignaraðild að sameignarfélagi takmarkar á engan hátt fulla ábyrgð hvers eiganda gagnvart þriðja aðila.

Sameignarfélög geta talist sjálfstæðir skattaðilar að þeim skilyrðum fullnægðum að félagið sé skráð í firmaskrá og þess óskað að félagið sé sjálfstæður skattaðili. Við skráningu skal afhenda félagssamning þar sem eignarhluta hvers og eins er getið, innborgaðs stofnfjár og hvernig slitum á félaginu skuli háttað. Hjón geta ekki myndað sameignarfélag sem er sjálfstæður skattaðili, hvorki ein sér né með ófjárráða börnum sínum.

47 Upplýsingar um erlend skattyfirvöld

Bandaríkin	irs.gov	Holland	belastingdienst.nl
Bretland	hmrc.gov.uk	Írland	revenue.ie
Danmörk	skat.dk	Noregur	skatteetaten.no
Finnland	vero.fi	Sviss	estv.admin.ch
Frakkland	impots.gouv.fr	Svíþjóð	skatteverket.se
Færeyjar	taks.fo	Þýskaland	bzst.bund.de

48 Kennitölur

48.1 Nokkrar kennitölur hlutabréfa á verðbréfamarkaði

Innra virði
$\frac{\text{Eigið fé}}{\text{Hlutfé}}$

Seljanleiki
$\frac{\text{Velta hlutabréfa á markaði}}{\text{Markaðsverð}}$

V / I hlutfall (Q - hlutfall)
$\frac{\text{Markaðsverð hlutabréfa}}{\text{Bókfært eigið fé}}$

A / V hlutfall
$\frac{\text{Arður}}{\text{Markaðsverð}}$

V / H hlutfall
$\frac{\text{Markaðsverð hlutabréfa}}{\text{Hagnaður}}$

48.2 Nokkrar kennitölur úr ársreikningum

Veltufjárhlutfall
$\frac{\text{Veltufjármunir}}{\text{Skammtímaskuldir}}$

Arðsemi
$\frac{\text{Hagnaður eftir skatta}}{\text{Eigið fé}}$

Lausafjárhlutfall
$\frac{\text{Veltufjármunir} - \text{Birgðir}}{\text{Skammtímaskuldir}}$

Eignfjárhlutfall
$\frac{\text{Eigið fé}}{\text{Heildarfjármunir}}$

Kennitala tengd sjóðsstreymi
$\frac{\text{Handbært fé frá reglulegri starfsemi}}{\text{Heildarskuldir}}$

KPMG LAW

Reykjavík
Borgartúni 27

Sími 545 6100

KPMG

Reykjavík
Borgartúni 27

Hella
Þrúðvangi 5

Akranes
Bárugötu 8-10

Höfn í Hornafirði
Litlubrú 1

Akureyri
Glerárgötu 24

Reyðarfjörður
Austurvegi 20

Blönduós
Húnabraut 13

Reykjanesbær
Krossmóa 4

Borgarnes
Bjarnarbraut 8

Sauðárkrókur
Borgarmýri 1

Dalvík
Ráðhúsi

Selfoss
Austurvegi 4

Egilsstaðir
Fagradalsbraut 11

Stykkishólmur
Aðalgötu 5

Hafnarfjörður
Reykjavíkurvegi 66

Vestmannaeyjar
Ægisgötu 2

Sími 545 6000

kpmglaw.is

kpmg.is



Í bæklingi þessum koma fram almennar upplýsingar. Í honum er ekki lýst aðstæðum tiltekinna fyrirtækja eða einstaklinga. Enginn ætti að grípa til aðgerða á grundvelli þessara upplýsinga nema tengja þær aðstæðum sínum eða leita faglegrar aðstoðar um það tilvik sem um ræðir.

© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.